

Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra
Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar
Dagsetning: 30. nóvember, 2022
Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 11. nóvember, 2022

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Þróunarsamvinnunefnd fékk áhrifamikla kynningu á þeirri matvælakreppu sem ríkir í heiminum, þar sem afleiðingar innrásar Rússa í Úkraínu hafa aukið á hörmungarástandið sem fyrir var. Fimmta árið í röð var uppskerubrestur á Horni Afríku. Þar eru nú 30-40 milljónir manna á barmi hungursneyðar.

Stefán Jón Hafstein og Steingrímur Sigurgeirsson, starfsmenn ráðuneytisins, röktu aðstæður í fátækustu löndum heims þar sem hlýnandi loftslag er þegar farið að valda skæðari hamförum, fjármagns- og efnahagskreppa tengist meðal annars COVID-19 faraldrinum og ófriðurinn í Úkraínu varð til þess að korn og áburður fóru ekki á markað. **Úkraínustríðið setur áherslu í þróunarsamvinnu úr skorðum og hefur margfeldisáhrif til hins verra.**

Í umræðum nefndarmanna kom fram eindreginn vilji til þess að stjórnvöld setji sér metnaðarfull markmið við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu.

Elín Rósa Sigurðardóttir skrifstofustjóri Þróunarsamvinnuskrifstofu sagði frá undirbúningi nýrrar stefnu, sem gert er ráð fyrir að nefndin hafi aðkomu að á fyrri stigum en áður. Hún lagði áherslu á að ný stefna verði einföld og skýr í framsetningu með ítarlegri og tæknilegri greinargerð ásamt aðgerðaáætlun. Nefndin áætla að fjalla um sum þeirra mála sem ætla má að komi fram í stefnunni á sérstökum heilsdagsfundi í byrjun næsta árs.

Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Heimstorgsins hjá Íslandsstofu, kynnti meðal annars Heimsmarkmiðasjóð atvinnulífsins sem fyrirtæki geta sótt í til að auðvelda sér að hefja starfsemi í þróunarlöndunum. Áhersla er á þróunarávinnings samstarfi við heimaaðila. Smám saman eru að safnast upp áhrifamikil dæmi um velheppnuð verkefni þar sem íslensk fyrirtæki skapa virðisauka í þróunarlöndum.

Framundan eru gífurlegar áskoranir í þróunarsamvinnu. **Ísland, líkt og önnur gjafaríki, þarf að finna leið til að efla aðstoð við fátækustu þjóðir heims á sama tíma og það tekst á við árásarstríð Rússa í Úkraínu.** Þessar áskoranir varða bæði það hve miklu fé er veitt til þróunarsamvinnu og hvaða stefnu er fylgt svo stuðningurinn verði sem áhrifaríkastur.

Þetta verða umfjöllunarefni Þróunarsamvinnunefndar á næstuni. Næsti fundur verður 30. desember og líkt og ég nefndi í síðasta bréfi þá þætti okkur vænt um að fá þig á þann fund.

Með bestu kveðju,



Þórir Guðmundsson
formaður Þróunarsamvinnunefndar